


# Fjármálavæðing og tekjuskipting

Stefán Ólafsson

Erindi á málstofu Seðlabanka Íslands

10. Apríl 2018

# Stóra samhengið

- Heimurinn glímir við vaxandi ójafnaðarvandamál
- Það er oftast rakið til breyttra **stjórnmálaviðhorfa**, **hnattvæðingar** og **fjármálavæðingar** sérstaklega
- Ísland er ekki undanskilið
- Þróunin hér í samanburði við Vesturlöndin
- Sýni gögn um þróunina almennt, með sérstökum fókus á hlut fjármagnstekna
- Skýringar á þróuninni á Íslandi frá 1995 til 2015

# Þróunin á Íslandi til lengri tíma

- Svipað mynstur og hjá Piketty og félögum
- Ójöfnuður var mikil fyrir seinna stríð
- Þá kom jafnaðarsamfélag eftirstríðs-áranna, er stóð í um hálfa öld
- Frá 1995 til 2007 jókst ójöfnuður mikið, örar en áður hefur sést á Vesturlöndum…
- Eftir hrun jafnaðist verulega á ný, en ójöfnuður hefur svo aftur tekið að aukast



# Þróunin á Íslandi: Gögn Piketty og félaga

- Í enskumælandi löndunum tók ójöfnuður að aukast upp úr 1980
- Á Norðurlöndum gerðist það seinna, þ.e. á tíunda áratugnum (frá 1995 á Íslandi)
- Ísland var líklega með jöfnustu tekjuskiptinguna á Norðurlöndum eftir stríð



# Ójöfnuður í OECD – ríkjunum

Breyting Gini – ójafnaðarstuðla á tveimur tímabilum

**Ráðstöfunartekjur án söluhagnaðar** (capital gains) – OECD gögn






# Þróunin á Íslandi til skemmri tíma

- Ójöfnuður 1995-2007 jókst með því að hærri hópar fóru langt framúr lægri hópum
- Ekki með lækkun tekna lágtekjufólks
- Frá 1992 til 2007 jukust **rauntekjur hæsta eina prósentsins** um **653%** þegar tekjur lægstu 90 prósentanna hækkuðu um **66%**
- Hæsta 0,1 prósentið hækkaði um 1731% og lægstu tíu prósentin hækkuðu um **43%**



# Hlutur hæsta eina prósentsins

- Ójöfnuður heildartekna **með og án efsta eina prósentsins**
- Gini stuðlar fyrir **ráðstöfunartekjur** hjóna og sambýlisfólks – allar skattskyldar tekjur



# Hvað skýrir þróunina á Íslandi frá 1992 til 2015

- Við metum helstu skýringarþætti sem fram koma í alþjóðlegum rannsóknum á þessu sviði, með tölfræðilegum greiningum – til að skýra þróunina á Íslandi – sjá kafla 11 og einnig 6, 7 og 8
- Niðurstöðurnar sýna að tveir helstu skýringarþættirnir hér voru **fjármála-væðingin** og **skatta- og velferðarstefna stjórnvalda**
- Á næstu glærum sýnum við helstu áhrifaþættina tvo: Fyrst hlut **fjármagnstekna** í tekjum hátekjuhópa og **síðan breytta dreifingu skatt-byrðarinnar** í ólíkum tekjuhópum

# Hvað skýrir þróunina á Íslandi frá 1992 til 2015

- Samsetning heildartekna frá 1992 til 2015.
- Einstakir tekjuliðir framteljenda sem % heildartekna fyrir skatt



# Fjármálavæðingin

- Stóraukinn hlutur fjármagnstekna af heildartekjum
- Frá 2-3% upp í 25% allra tekna framteljenda




**Mynd 8.8:** Hlutfall fjármagnstekna af heildartekjum framteljenda alls, 1990–2015.

*Heimild: Ríkisskattstjóri (útreikn. höf.).*

# Fjármálavæðingin

- Söluhagnaður hlutabréfa og annarra eigna var miklu hærri á Íslandi en mest var í vestrænum löndum, í adraganda fjármálakreppunnar
- **Einstök áhrif bóluhagkerfisins á Íslandi**
- Söluhagnaður sem % heildartekna hæstu 10%




**Mynd 5.19:** Vísbending um mikilvægi söluhagnaðarhluta fjármagnstekna á Íslandi. Mismunur á tekjuhlutdeild hæstu tíu prósentana með og án söluhagnaðar hlutabréfa og annarra eigna (e. capital gains), í %. Grunnurinn er heildartekjur fyrir beina skatta.

*Heimild: Alvaredo o.fl. (2014) og eigin útreikningur úr gögnum Ríkisskattstjóra.*

# Fjármálavæðingin á Íslandi

## Mikill vöxtur fjármagnstekna í hátekjuhópum

- Fjármagnstekjur stórjukust eftir 1995
- Runnu einkum til hæstu tekjuhópanna
- Fóru upp í um 80% heildartekna hjá tekjuhæsta eina prósentinu 2005-2007
- Jukust á ný frá og með 2012



# Fjármálavæðingin á Íslandi

## Mikill vöxtur fjármagnstekna í hátekjuhópum

- Hlutur einstakra liða fjármagnstekna hjá **tekjuhæstu tíu prósentunum**
- Samsetning heildartekna fyrir skatt:



# Bóluáhrif á ójöfnuð

- Gini stuðlar fyrir ráðstöfunartekjur **með og án söluhagnaðar** (svartar og gráar súlur)
- Munur stuðlanna=áhrif söluhagnaðar á ójöfnuð (línan)






*Stefán Ólafsson*
*Arnaldur Sölvi Kristjánsson*

# Skattbyrðin á Íslandi

## Tilfærslur milli tekjuhópa

- Skattbyrði var færð frá hátekjuhópum yfir á mið og lægri tekjuhópa, frá 1995 til 2008
- Þróuninni var snúið við að hluta eftir hrun – en hefur sveigst nokkuð í fyrri átt á ný, frá 2013 til 2015
- Myndin sýnir greidda beina skatta sem % heildartekna fyrir skatt í 4 tekjuhópum



# Mun spádómur Pikettys rætast?

- Mat Pikettys er að eignamesta fólkið hafi í venjulegu árferði forskot á aðra – tekjur af eignum þeirra vaxi örar en hagvöxtur og almenn laun>>> Eykur ójöfnuð
- Þannig var á Íslandi frá um 1997 til 2008 – fjármagnstekjur fóru langt framúr launum
- Sama þróun frá 2012 til 2016 (sbr. mynd)



# Samantekt

- Vöxtur fjármagnstekna á Íslandi var einstaklega mikill – tengdist bóluhagkefinu
- Snerti fyrst og fremst tekjuhæstu tíu prósentin
- Lægri skattur á fjármagnstekjur en atvinnutek. magnaði ójöfnuðinn á árunum fram að hruni
- Áhrif fjármagnstekna á ójöfnuð voru óvenju mikil hér á landi að hruni (m.v. OECD ríkin)
- Fjármagnstekjur hafa aukist á ný frá og með 2012
- Heldur ójöfnuður í heiminum áfram að aukast? Eykst hann á ný á Íslandi?
- Staða fjármálavæðingar í alþjóðlegu samhengi hnattvæðingar?
- Geta stjórnvöld einhverju breytt?

# Takk fyrir!


Stefán Ólafsson
Arnaldur Sölvi Kristjánsson
Ójöfnuður á Íslandi
Skipting tekna & eigna í fjölþjóðlegu samhengi
Háskólaútgáfan | Reykjavík | 2017
"Grundvallarrit um þróun íslensks samfélags, stjórnmál og lífskjör."

# Skýringar aukins tekjuójafnaðar 1995 til 2007

- Breyting á Gini-stuðlum fyrir ráðstöfunartekjur, sundurgreind eftir skýringarvægi einstakra þátta.
- Fjármagnstekjur 2/3; skattar og bætur 1/3



# Skýringar tekjujöfnunar 2007 til 2010

- Breyting á Gini-stuðlum fyrir ráðstöfunartekjur, sundurgreind eftir skýringarvægi einstakra þátta.
- Fjármagnstekjur 2/3; skattar og bætur 1/3



# Fjármálavæðingin á Íslandi

## Mikill vöxtur fjármagnstekna í hátekjuhópum

- Hlutur einstakra liða fjármagnstekna hjá **tekjuhæsta eina prósentinu**
- Samsetning heildartekna fyrir skatt:



# Hverjir högnuðust á bólunni og hverjir töpuðu á hruninu?

- Tekjur þeirra eignamestu jukust langörast í aðdraganda hrunsins
- Eignamestu10 prósentin áttu um 87% hreinna eigna allra 2010 og um 67% 2014
- Efstu 5 prósentin eiga tæplega helming allra eigna á Íslandi
- Lægstu 50 prósentin eiga lítið sem ekkert

